

Ed.

29. Frumvarp til laga

[29. mál]

um breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna, á undan V. kafla, komi ný grein þannig:

Stefnt skal að því, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfræki rannsóknastofur, a. m. k. eina í hverjum landsfjórðungi og víðar samkvæmt ákvörðun ráðherra og að fengnum tillögum aðila fiskiðnaðarins. Leita skal samstarfs við fiskiðnað, aðra matvælaframleiðendur og sveitarfélög á viðkomandi svæði um stofnsetningu og starfrækslu slíkrar rannsóknastofu. Sömu leiðis skal athugað að nýta aðstöðu og samstarf við menntastofnanir á staðnum.

Rannsóknastofur þessar skulu veita fiskiðnaði og öðrum matvælaiðnaði í viðkomandi landshluta þjónustu með rannsóknum, gæðaeftirliti og leiðbeiningum gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, eins og við á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi lögðu flutningsmenn þessa frumvarps fram frumvarp til laga um sama efni. Frumvarp það fór til sjávarútvegsnefndar, og leitaði nefndin umsagnar nokkurra aðila, m. a. Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Umsagnir þær, sem bárust, voru allar jákvæðar. Var mælt með samþykkt frumvarpsins með lítilfjórlegum breytingum, sem flutningsmenn féllust á. Varð sjávarútvegsnefnd sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins þannig breytt. Það var á síðustu dögum þingsins, og náði frumvarpið af þeim sökum ekki fram að ganga.

Frumvarp það, sem nú er flutt, er samhlióða álitu sjávarútvegsnefndar. Aðeins hefur verið bætt við orðunum „aðra matvælaframleiðendur“ í upptalningu þeirra aðila, sem leita skal samstarfs við. Frá upphaflegu frumvarpi eru þær breytingar helztar, að felld er niður upptalning á heim stöðum í landshlutunum, þar sem slíkar rannsóknastofur skyldu starfræktar. Kom fram í umsögnum, að eðlilegra væri að fela ráðherra að ákveða slíkt í samráði við aðila fiskiðnaðarins.

Eins og mönnum er kunnugt, eru í undirbúningi stórauknar kröfur á erlendum mörkuðum, einkum í Bandaríkjunum, um hreinlæti og hollustuhætti í fiskiðnaði. Verður í því sambandi að gera stórauknar kröfur til gæðaeftirlits og meðferðar á öllum fiski í fiskvinnslustöðvum hér á landi, sem framleiða fyrir erlendan markað. Undanfarið hefur því verið unnið ótulllega að áætlanu- og tillögugerð um ýmiss konar endurbætur á íslenskum fiskiðnaði, sem nauðsynlegar verða af þessum sökum. Framkvæmdir eru sums staðar hafnar, en ráðgert er að auka þær verulega á næsta ári og ljúka eins og frekast er kostur á næstu þremur til fimm árum.

Samfara slíkum endurbótum er gert ráð fyrir reglulegu gæðaeftirliti. Verða gerðar kröfur um það, að öll meðferð á fiski, hreinlæti og hollustuhættir fullnægi ávallt hinum ströngustu reglum. Í þessu sambandi verður þörf á stóraukinni þjón-

ustu við fiskvinnslustöðvarnar. Talið hefur verið sjálfsagt, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annaðist það starf.

Sú þjónusta, sem hér um ræðir, við fiskiðnaðinn verður aldrei framkvæmd, svo að vel sé, nema sérfræðingar séu staðsettir í landshlutunum. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að koma upp a. m. k. einni rannsóknastofu í hverjum landsfjórðungi. Þó er líklegt, að nauðsynlegt reynist að fjölga rannsóknastofum, og er ráðherra veitt heimild til þess.

Rannsóknastofum þeim, sem um er rætt í frumvarpinu, er ætlað að veita þjónustu með rannsóknum á hinum ýmsu þáttum fiskvinnslunnar, t. d. gerlarannsóknir, sem stöðugt verða mikilvægari, athuganir á allri meðferð á fiski, söfnun alls konar upplýsinga, með almennu gæðaeftirliti og leiðbeiningarstarfsemi. Einnig virðist sjálfsagt, að slíkar rannsóknastofur veiti öðrum matvælaframleiðendum, eins og t. d. mjólkurbúum, sams konar þjónustu. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að greitt verði fyrir þjónustuna samkvæmt gjaldskrá rannsóknastofnunarinnar. Þó er nauðsynlegt, að slíkar rannsóknastofur hafi nokkur fjárráð til sjálfstæðra athugana.

Ekki er þó hægt að gera ráð fyrir því, að viðamiklar sjálfstæðar rannsóknir fari fram á slíkum rannsóknastofum. Eðlilegra er, að þær rannsóknir séu framkvæmdar í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Reykjavík, enda yrði að sjálfsögðu náið samband á milli þeirra, sem þar starfa, og sérfræðings í rannsóknastofu, sem um ræðir í þessu frumvarpi.

Í frumvarpinu er lögð áherzla á, að leita verður samstarfs við fiskiðnað, aðra matvælaframleiðendur og sveitarstjórnir á viðkomandi stöðum. Er hér að nokkru farið að því fordæmi, sem skapast hefur í Vestmannaeyjum. Þar er hafin starfræksla rannsóknastofu með samvinnu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og fiskvinnslustöðva í Vestmannaeyjum. Eðlilegt virðist, að einnig sé leitað til sveitarstjórna um slíkt samstarf. Loks er sjálfsagt að nýta aðstöðu, sem fánleg kann að vera við menntastofnanir á viðkomandi stað, báðum aðilum til hagsbóta. Sérfræðingar geta t. d. tekið að sér kennslu og nemendur kynnt rannsóknastarfseminni.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að rannsóknastofur eins og þær, sem um ræðir í þessu frumvarpi, geta, þótt lítlar séu, haft ótrúleg áhrif til hagsbóta fyrir viðkomandi byggðarlag. Þær geta ásamt menntastofnunum myndað kjarna sérfróðra manna, sem er oft ótrúlega fljótur að laða að ýmiss konar aðra starfsemi, sem ekki fengi þróast án slíks samfélags. Þetta atriði eitt út af fyrir sig réttlætir myndarlegt átak hins opinbera og forustu til þess að koma umræddum rannsóknastofum á fót hið fyrsta.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja, að ekki hurfi að reynast mjög kostnaðarsamt að koma upp rannsóknastofum heim, sem hér um ræðir, ef leitað er þess samstarfs við aðila heima fyrir, sem lagt er til að gert verði. Hins vegar ber þó að leggja ríka áherzlu á þá staðreynd, að umrædd þjónusta verður svo mikilvæg fyrir íslenzkan fiskiðnað og einnig, ef rétt er á haldið, fyrir viðkomandi byggðarlag, að sjálfsagt virðist vera að verja nokkru fjármagni til þess að koma henni á fót.